



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2006

Efni: Athugasemdir ÖBÍ við frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 330 mál

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er byggt á vinnu sem til var stofnað með Landssambandi eidri borgara af hálfu ríkisstjórnar Íslands. Þar sem um er að ræða tillögur til ýmissa breytinga á gildandi lögum um almannatryggingar varðar þetta einnig að verulegu leiti öryrkja. Öryrkjabandalag Íslands telur margt jákvætt við frumvarpið og þá helst þau markmið laganefndarinnar sem liggja að baki því. Þau er að finna í athugasemdum með frumvarpinu:

- Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga verði hækkaðar.
- Bótaflokkum verði fækkað og lífeyristryggingakerfið þar með einfaldað.
- Dregið verði úr áhrifum tekna maka.
- Fjárhæð vasapeninga verði hækkuð.
- Heimiluð verði sveigjanleg starfslok þannig að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun töku ellilífeyris.
- Sett verði frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Það fjármagn sem nú gangi til reksturs stofnana úr framkvæmdasjóði aldraðra gangi til uppbyggingar öldrunarstofnana.

Undir þetta allt getur ÖBÍ tekið. Með frumvarpinu nást þessi markmið þó aðeins að hluta til og á of löngu tímabili.


Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur maka elli- og örorkulífeyrisþega hafi ekki áhrif á viðmiðunartekjur lífeyrisþegans og að ákvæðin komi til framkvæmda 1. janúar 2010. Á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 skulu lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega og makans skiptast til helminga en á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2009 skulu, samkvæmt frumvarpinu, hlutföllin vera 80% hjá lífeyrisþeganum og 20% hjá makanum. Þetta telur ÖBÍ ekki viðunandi. Með því að flýta gildistöku 300.000 króna frítekjumarks ellilífeyrisþega um þrjú ár hefur verið gefið jákvætt fordæmi og mælir ÖBÍ eindregið með því að skilið verði að fullu á milli tekna lífeyrisþega og maka frá 1. janúar 2007

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að greiðslur úr séreignarlífeyrisþega og viðbótartryggingavernd, hafi með sama hætti og greiðslur úr skyldubundnum lífeyrissjóðum ekki áhrif á útreikning elli og örorkulífeyris. ÖBÍ fagnar þessari breytingu.

Gert er ráð fyrir lítilli hækkun á lífeyri almannatrygginga og miðað við verðlags- og launþróun síðustu mánuði er full nauðsyn til að endurskoða fyrirhugaða hækkun þann 1. janúar. 2007. ÖBÍ leggur til að auk þeirrar krónutöluhækkunar sem fyrirhuguð er í tengslum við sameiningu tekjutryggingar og tekjutryggingarauka í einn greiðsluflokk, verði upphæð grunnlífeyris tvöfölduð, úr 24.131 krónur í 48.262 krónur. Einnig bendir ÖBÍ á að samkvæmt sameiginlegum tillögum Landssambands eldri borgara, Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálpar þá skuli almannatryggingakerfið einfaldað þannig að bótaflokkum verði fækkað niður í tvo sem skiptast í grunnlaun og tekjutryggingu og sé miðað við að upphæð úr hvorum flokki sé jafnhá. Þá er í sameiginlegum tillögum gert ráð fyrir að grunnlaunin verði ótekjutengd með öllu. Sú einföldun sem næst með þessu frumvarpi til laga um almannatryggingar er mjög takmörkuð og ófullnægjandi að áliti ÖBÍ.


Þörf er á grundvallaruppstokkun almannatryggingakerfisins þar sem núverandi kerfi er ýtt til hliðar og tekið upp nýtt fyrirkomulag með einföldun, gegnsæi, afkomutryggingu og hvata til samfélagslegrar þátttöku að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,
f.h. ÖBÍ



Sigursteinn Másson

formaður

Hafdís Gísladóttir


framkvæmdastjóri